

Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. mgr. 1. gr. bætist tveir nýir málslíðir er orðist svo: Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.
2. Við 2. gr.
 - a. 1. mgr. falli brott.
 - b. 2. mgr. orðist svo:
Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.
3. Við 3. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.
4. Í stað dagsetningarinnar „15. desember 2005“ í 9. gr. komi: 15. júlí 2006.
5. 10. gr. falli brott.
6. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2006“ í 11. gr. komi: 1. ágúst 2006.